Sþ. **601. Tillaga til þingsályktunar**

um kosning milliþinganefndar til að athuga launakjör alþingismanna.

Flm.: Lárus Jóhannesson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að gera, fyrir næsta reglulegt Alþingi, tillögur um sæmileg launakjör alþingismanna.

Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé ástæða til að greiða þeim alþingismönnum, sem setið hafa á Alþingi tug ára eða meira, eða ekkjum þeirra, ellistyrk, er þeir láta af þingmennsku, ef þeir eiga ekki rétt til hans samkvæmt öðrum lögum.